



## 56. Körfuknattleiksþing | 15. mars 2025

Þingskjal nr. 15 – Þingsályktun erlendir leikmenn

Körfuknattleiksþing 2025 beinir því til stjórnar KKÍ að hefja vinnu við breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót, grein 15. erlendir leikmenn fyrir Körfuknattleikssamband Íslands. Stefnt skal að því að vinna verði lokið fyrir 1.júní 2025, og taki þá gildi fyrir tímabilið 2025-2026.

Skal sú vinna miða að því að takmarkanir verði gerðar á fjölda erlendra leikmanna sem mega vera á leikvelli hverju sinni, og taka til hliðsjónar að alltaf verði tveir leikmenn með íslenskt ríkisfang inná leikvelli hverju sinni.

Stjórn KKÍ mun leitast eftir því að skoða möguleika á hvernig þriggja ára reglan samræmist þessum breytingum fram veginn.

Lagt er til að stjórn KKÍ skoði hvort sama regla gildi fyrir allar deildir og kyn í tveimur efstu deildum, og hvernig megi finna þessar reglugerðarbreytingunni festu til nokkurra ára.

### **Greinargerð:**

Undanfarnar vikur hafa formenn félaga efstu tveggja deilda hist til að ræða þessi mál, þ.e.a.s 15.grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, og hefur sú vinna verið góð og meiri samhljómur þeirra félaga sem mættu á að setja einhverskonar hömlur á fjölda erlendra leikmanna á leikvelli hverju sinni. Sú vinna, sem og unnin hefur verið af hendi KKÍ undanfarin ár, ætti að nýtast til að ná fram sáttum hreyfingarinnar um þessi mál til lengri tíma.

Körfuknattleiksdeild Sjörnunnar – Einar Karl Birgisson  
Körfuknattleiksdeild Álftanes – Brjánn Guðjónsson  
Körfuknattleiksdeild Breiðabliks – Heimir Snær Jónsson  
Körfuknattleiksdeild Hauka – Kristinn Jónasson  
Körfuknattleiksdeild KR – Egill Ástráðsson  
Körfuknattleiksdeild Vals – Svali Björgvinsson  
Körfuknattleiksdeild KV – Veigar Már Helgason  
Körfuknattleiksdeild Snæfells – Daníel Ali Kazmi  
Körfuknattleiksdeild KFG – Snorri Örn Arnaldsson  
Körfuknattleiksdeild Njarðvíkur – Halldór Karlsson

<b>Vísað til:</b>	<input type="checkbox"/>	Allsherjarnefndar	<input type="checkbox"/>	Fjárhagsnefndar	<input type="checkbox"/>	Laga- og leikreglanefndar
<b>Afgreitt:</b>	<input type="checkbox"/>	Samþykkt óbreytt	<input type="checkbox"/>	Samþykkt með breytingum	<input type="checkbox"/>	Felld